



Óháð fréttablað á Vestfjörðum  
**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

18. júní 2009  
24. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

**VESTFIRSKIR  
VERKTAKAR**

[www.vverk.is](http://www.vverk.is)

- Veitingar
- Skemmtun
- Lífandi tónlist
- Góð þjónusta

**KAFFI EDINBORG**  
Café · Restaurant · Bar  
[www.kaffiedinborg.is](http://www.kaffiedinborg.is)



# Setur markið hátt

**Ísfirðingurinn og tónlistarmaðurinn Halldór Smáráson útskrifaðist fyrir stuttu frá Tónlistarskóla Ísafjarðar auk þess sem hann var dux-schoale við Menntaskólann á Ísafirði. Í miðopnu er rætt við Halldór um tónlistina, lífið og framtíðina.**



Við flytjum allt ...  
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um  
80 afgreiðslustaði um land allt.  
Hvað getum við flutt fyrir þig?  
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is)

**EIMSKIP**  
Flytjandi



**Halldór Smárason hefur farið mikinn á Vestfjörðum nú í vor. Hann útskrifaðist nýverið frá Tónlistarskóla Ísafjarðar og hélt lokatónleika í Hömrum á Ísafirði sem hlutu einróma lof áheyrenda. Í sömu viku gerði hann sér lítið fyrir og hlaut hæstu aðaleinkunn á stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði með 8,82. Hann segist alla tíð hafa verið ágætur námsmaður og tónlistina vill hann ekki endilega meina að hann hafi fengið í vöggugjöf. Hann nefnir hér á eftir að maður kemst ekki langt á hæfileikum ef maður ræktar þá ekki en það hefur Halldór gert varðandi námið og tónlistina.**

# Setur markið hátt og víða

Halldór hefur stundað nám við Tónlistarskóla Ísafjarðar allt frá haustinu 1996, er hann byrjaði í píanónámi hjá Björk Sigurðardóttur. Haustið eftir tók Sigríður Ragnarsdóttir við kennslunni og hefur kennt honum síðan utan hálfan vetur sem Hulda Braga-dóttir var kennari hans. Halldór hefur lagt stund á bóklegar greinar, tónfræði, hljómfraði og tónheyrn og hafa kennarar hans í þeim greinum verið Jónas Tómasson og Iwona Kutyla. Þá stundaði hann gítarnám hjá Sigurði Friðriki Lúðvíkssyni um stutt skeið. Auk þess leikur Halldór á harmóníku, tinflautu og fleiri hljóðfæri án þess að hafa hlotið nokkra formlega tilsögn.

Hann hefur spilað víða og með mörgum og var við hæfi að hann skyldi sóttur heim í Tankinn, hljóðverið í Öfundarfirði, þar sem hann er við upptökur á fyrstu sólóplötu Birgis Arnar Sigurjónssonar. Við náðum að toga hann afsíðis á milli lota og þótti honum söngklefning hæfa viðtalsefningu best.

## Sýndi strax píanóinu áhuga

Halldór segist hafa haft áhuga á tónlist frá blautu barnsbeini. Hann segir fyrstu minningu foreldra hans tengda tónlistariðkuninni þegar Hólmsfríður Sigurðardóttir frænka hans var að leika á píanó heima hjá Halldóri. Hann hafði þá nýverið lært að ganga og gekk að píanóinu og stóð við það og hlustaði á frænku sína leika á píanóið.

„Elín systir mín söng mikið fyrir mig þegar ég var lítill og ég man að faðir minn söng reyndar líka fyrir mig, þó hann sé kannski ekki þekktastur fyrir söng,“ segir Halldór.

## Vildi ekki fara í fyrsta spílatímamann

Hann hóf námsferil sinn í Tónlistarskóla Ísafjarðar sjö ára

gamall. Þá byrjaði hann að læra klassískan píanóleik. Hann var í fyrstu ekki ýkja hrifinn af þeirri hugmynd að stunda píanónám.

„Ég ætlaði alls ekki að vilja fara í tónlistarskólann en eftir fyrsta spílatímamann heillaðist ég og vildi ekki fara út úr kennslustofunni. Björk Sigurðardóttir var fyrsti kennarinn minn og það var hún sem vakti áhuga minn á píanóinu. Það er henni að þakka að ég kann á píanó í dag,“ segir Halldór. Hann stundaði píanóleikinn grímt eftir það og fór fram úr því námsefni sem honum var sett fyrir.

## Nýjar dyr opn- uðust í Skotlandi

Hann segist ekki hafa verið kominn með mikið tóneyra á þeim tíma þegar hann hóf píanóleik en hafði þó takt og hélt lagi í söng. Hann segir að nýjar dyr hafi opnast fyrir honum í tónlistinni þegar hann flutti til Skotlands ásamt fjölskyldunni sinni, þá tólf ára gamall, að fylgja föður sínum sem sótti frekara nám þangað.

„Þá keypti hann fyrir mig lítið Yamaha hljómborð og þá fór ég að spila eftir eyranu. Keypti söngbækur og spilaði laglinurnar og hljómana eftir þeim. Þannig lærði ég að spila eftir eyra og má segja að ég hafi sjálfmenntað mig í snarstefjun síðustu ár, eða að spila af fingrum fram. Þá fór ég að flokka hljómana og sætaröð þeirra. Stundum er talað um að fólk flokki hljómana eftir litum en ég flokkaði þá meira eftir því hvort þessi hljómur var vinur þessa hljóms, eða fjarskyldur frændi, jafnvel óvinur. Ég fattaði þetta ekki fyrr en mörgum árum seinna að ég væri farinn að flokka hljómana.“

## Hæfileikum fylgir mikil vinna

– Finnst þér tónheyrn vera eitthvað sem er meðfætt eða áunnið?



„Fólk vindur sér jafnan að mér og spyr hvaðan ég hafi tónlistina, því ég get traúðla sagt að mamma og pabbi hafi stundað tónlistina grímt. Ég held að þetta sé algjör samblanda af einhverjum genum og umhverfi. Ég væri ekkert þar sem ég er í dag nema mamma og pabbi hefðu sent mig í tónlistarskóla sjö ára gamlan. Ég vildi það ekki þá en svo blossaði þessi gríðarlegi áhugi hjá mér.“

Ættin hans pabba er mikið í tónlist þannig að þaðan er möguleg genatenging. Mér finnst frekar hallærislegt þegar fólk segir að maður sé eingöngu með einhverja meðfædda hæfileika því maður þarf samt sem áður að þjálfast og rækta alla hæfileika. Það er heilmikil vinna og ég er búinn að spila helling í gegnum tíðina, svo það þarf nú að viðurkennast að það yrði frekar lélegt ef ég gæti ekki neitt á píanóið í dag.“

## Klassíkin er mjög holl

– En hefur þú einhvern tímamann fengið leiða á tónlistarnámi?

„Já, stundum þegar hefur verið mest að gera, þá hefur maður ekki endilega haft bullandi áhuga á að spila klassíska tónlist. Í sannleika sagt hlusta ég ekki mikið á hana en hún er svo holl fyrir mann upp á tæknina að gera, auk þess sem hún er oft mjög flott. Ég ákvað fyrir mörgum árum að ég ætlaði ekki að læra klassíska tónlist í framtíðinni en ég ákvað að seiglast í gegnum hana og ég sé ekki eftir því. Hins vegar veit ég að ég mun að sjálfsögðu spila slíka tónlist, hvort sem það verði fyrir sjálfan mig eða aðra.“

## Sigga hans þriðja foreldri í tónlistinni

– Af hverju tókstu klassíkina á seiglunni?

„Foreldrar mínir og Sigga Ragnars (Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar) lögðu mikla áherslu á að ég fylgdi klassíkinni eftir hér fyrir vestan. Sigga hefur í raun verið mitt þriðja foreldri síðustu ár vegna tónlistarnámsins. Hún hefur vitað það í mörg ár að ég

væri ekkert að stefna að því að verða einleikari á píanó. En hún sá einhverja hæfileika í mér sem henni fannst að ég ætti að rækta og hvatti mig til dáða í því.“

– Óraði þig einhvern tímamann fyrir því að þú kláraðir Tónlistarskóla Ísafjarðar?

„Fyrir mér var tónlistarskólinn til byrja með bara eitthvað þar sem maður mætti á haustin og hætti á vorin. Í rauninni hef ég ekki séð fyrir endann á tónlistarskólanum fyrr en fyrst núna, eftir lokatónleika og skólaslit. Ég er núna að átta mig á því að ég er ekki að fara aftur upp í tónlistarskóla að taka þátt í tónleikum eða samæfingum. Það lætur manni líða eitthvað svo gömlum. Það er sorglegt að hugsa um það en í senn gleðiefni.“

## Einstakir lokatónleikar

– Lokatónleikar þínir eru mjög umtalaðir. Eitt sem var eftirtektarvert við þá er að þú ert tvítugur og það kom fram fjöldi vina þinna á tónleikunum sem eru allir framúrskarandi hljóðfæraleikarar, þannig að þetta leit út eins





og tónleikar hjá fimmtugum manni þar sem allir gömlu spila-félagarnir komu saman. Fannst þér ekki vænt um að fá alla með þér á tónleikum?

„Þetta var náttúrulega alveg frábært og mér þótti mjög vænt um að þau skyldu sjá sér fært um að taka þátt í þessu með mér. Eins gat mig aldrei óráð fyrir annarri eins mætingu, sem sannar enn og aftur hve samfélagið er þétt hér fyrir vestan. Ég er mjög stoltur af tónleikum og þakk-látur öllum þeim sem mættu, spil-ðu með mér, og ekki sist öllum þeim sem hafa stutt mig í gegnum tíðina. Þetta var alveg ótrúlega gaman og einstök upplifun.“

Halldór segir viðtökur áheyr-enda eftir tónleika hafi farið fram úr sínum björtustu vonum og hef-ur ekki heyrt neitt nema gott um þá. „Það hefur fjöldi fólks gefið sig á tal við mig úti í bæ, sem þakkar mér fyrir tónleikana, og það er fátt eins skemmtilegt og mikil viðurkenning og einmitt það.“

– Annað sem var einnig eftir-tektafvert varðandi tónleikana var að þú tókst tónlist sem spannar frá klassík yfir í fönk og einnig lög í ætt við Siglufjarðargeira?

„Já, ég geri kröfur til sjálfs mín og finnst gaman að gera til-raunir með ólíka tónlistarstíla. Þess vegna fannst mér bara skemmtilegt að hafa smá áskorun í tónleikaprógramminu. Gullna reglan er að á meðan ég fíla það sem ég er að gera, þá mun fólk í salnum fíla það. Skemmtunin og spilagleðin smita út frá sér.“

### Forrétindi að stunda tónlistina hér

– Nú er það oft með klassískt menntað tónlistarfólk að það kann varla að leika aðra tónlist en klassíska. Heldur þú að það hafi hjálpað þér að alast upp í svona samfélagi þar sem verkefnin eru fjölmörg og mismunandi fyrir færa hljóðfæraleikara?

„Það er engin spurning. Það hefur verið afar þroskandi og mikil reynsla að fá svona mörg verkefni. Ég get ekki ímyndað mér að eitthvert annað byggðar-lag, eða réttara sagt samfélag, bjóði upp á svona mörg mismunandi tækifæri fyrir mann. Það hafa verið algjör forrétindi að hafa fengið að alast upp og læra hérna, bæði listir og fræði.“

### Skemmtilegt að fást við ólík verkefni

Fólk hefur séð Halldór í ýmiss konar verkefnum og greinilegt er að hann setur ekki fyrir sig að spila með ólíku fólki. Greinilega sækist fólk mikið í að spila með honum, en hvað fær hann til að segja já við öllum þessum mismunandi verkefnum, smáum sem stórum?

„Ef ég á að vera alveg hrein-skilinn, þá á ég mjög erfitt að segja nei við fólk og vil helst ekki valda neinum vonbrigðum. Þetta er svo lítill markaður hérna á Vestfjörðum og ekkert svo margir sem geta hlaupið í skarðið

fyrir einhvern annan sem vantar í verkefni. Þess vegna reyni ég að segja já við sem flesta, en stundum er bara alltof mikið að gera. Það er oftast annrikið sem stoppar mig að segja já. En auðvitað væri ég ekki í tónlist ef ég hefði ekki gaman af því að spila með fólki. Þá væri ég bara heima í tölvunni eða eitthvað álíka, en ég vel mér auðvitað helst þau verk-efni sem mér finnast skemmti-legust og mig langar mest til að taka þátt í.“

### Tónlist sem eykur vellíðan

– Hvernig tónlist þykir þér skemmtilegast að spila?

„Það fer rosalega eftir því í hvernig stuði ég er. Ef ég er búinn að æfa klassískt lag sem mér hugnast, þá get ég spilað það aftur og aftur. Það á ekki sist við eftir undirbúninginn fyrir loka-prófið og tónleikana. Djassinn hefur einnig heillað mig mikið síðustu árin og mig langar að nema hann frekar, hvort sem það verður í formi skólasóknar eða í einkatímum hjá kennara. Stund-um sest ég jafnvel niður við píanóið og spila gospel, funk, popp eða bara hvað sem fær mig til að líða vel.“

– Áttu þér einhverja uppá-haldstónlistarmenn?

„Þeir eru æði margir. Ég hef alist upp við Bítlana og þeir eru ofarlega í huga. Freddie Mercury er einnig góður, besti rokksöngv-arinn að mínu mati. Af íslenskum listamönnum er KK einn af mín-

um uppáhalds og einnig hef ég hlustað á Bubba frá unga aldri. Einnig elska ég gott reggi, innlent sem erlent. Annars get ég hlustað á flesta tónlist, fyrir utan eina tiltekna útvarpsstöð.“

– Þú setur það ekkert fyrir þig hvort píanó sé í laginu eða ekki?

„Nei, það er ekkert atriði fyrir mig. Ef lagið er flott og góður fílingur í því sem fær mig til að líða vel, þá er ég að meta það. Annars er uppáhaldspíanóleik-arinn, að minnsta kosti íslenski, Davíð Þór Jónsson. Það sem ég fíla við hann er hvað hann er óhræddur við að gera tilraunir á píanóinu.“

### Framtíðin óráðin

Halldór segir framtíðina frekar óráðna hjá sér. Hann stendur á tuttugasta aldursári, hæfileikarík-ur tónlistarmaður og útskrifaðist með hæstu aðaleinkunn frá Menntaskólanum á Ísafirði. Hann segir möguleikana eilítið vefjast fyrir sér. Þá nefnir hann að honum þætti miður að sleppa takinu hvort sem heldur á náms-manninum eða tónlistarmannin-um.

„Framtíðin hjá mér er óskrifað blað og mér finnst það frekar spennandi frekar en kvíðafullt. Það er þó pínulítið stressandi að vita til þess að ég er að fara að flytja suður í haust, vitandi að það er eitthvað nýtt að fara að gerast. Mig langar að halda áfram í tónlistinni. Það verður að kallast síðasta vígið og mig langar að nema hana meira. En ég gæti

hugsað mér að fara kannski í tónlistarnám og taka síðan eitt-hvert fag, t.d. stærðfræði, í há-skóla síðar. En þetta gæti allt breyst, jafnvel orðið þveröfugt. Í fyrra var ég að hugsa um að fara í flugnám, þannig að maður veit aldrei. Það er allt opið, í sinni viðustu merkingu.

Ég vil samt ekki sjá eftir neinu. Ég vil ekki sleppa neinu tækifæri og sjá eftir því. En nú er tíminn til að forgangsraða rétt en lífið er auðvitað ekki búið þó að maður hafi ekki háskólagráðu 23 ára. Svo getur vel verið að ég fari í Listaháskólann og kunni ekki við það. Það sama á við um FÍH eða Háskólann. Ég ætla bara að gera það sem mér líður vel við að gera og eins og staðan er í dag er tónlistin efst á lista.“

– Nánari hugmyndir varðandi tónlistina?

„Auðvitað langar mann að slá í gegn sem tónlistarmaður og ég held að flestir sem fást við tón-listina eigi sér einhverja drauma. Mig langar að fást meira við tón-smíðar og stefni á Tónsmíðabraut LHÍ í haust og vona að það eigi eftir að hjálpa mér í tónlistar-sköpuninni. Það er draumurinn hjá mér að gefa út eigin tónlist á mínum forsendum. Annars er vit-að að það er erfitt að lifa einungis á tónlistinni og þess vegna er nauðsynlegt að vera praktískur. Því hef ég áhuga á því að reyna við „venjulegt“ háskólanám, hvort sem það verður í vetur eða seinna,“ sagði tónlistarmaðurinn Halldór Smáráson.

– birgir@bb.is